

# Signir sól

Signir sól sérhvern hól.  
Sveitin klæðist geislakjól.  
Blómin blíð, björt og fríð  
Blika fjalls í hlíð.  
Nú er fagurt flest í dag.  
Fuglar syngja gleðibrag.  
Sumarljóð, sæl og rjóð,  
Syngja börnin góð.

